

Hlutverk grunnskóla

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn skal stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólastarf. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, kristilegri arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Hlutverk grunnskólans er að veita nemendum tækifæri á að afla sér þekkingar, auka leikni og stuðla að áframhaldandi menntun og þroska hvers og eins. Skólinn stuðlar að sjálfstæðri hugsun og þjálfar nemendur í samvinnu. Varmahlíðarskóli starfar eftir hugmyndafræðinni **skóli án aðgreiningar**. Skólastefna Varmahlíðarskóla byggir á ofnagreindum markmiðum auk [skólastefnu Skagafjarðar](#).

Sex grunnþættir menntunar eru lagðir til grundvallar í nýrri Aðalnámskrá frá árinu 2011.

Þeir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eru leiðarljós í starfi skólans. Nám, kennsla, samskipti og skólabragur mótast af þessum þáttum. Þeir fléttast inn í daglegt starf.

Virðing – Metnaður – Velliðan

Í Varmahlíðarskóla viljum við búa nemendur okkar undir líf og starf.

Virðing, metnaður og velliðan eru þau gildi sem við viljum hafa að leiðarljósi í okkar starfi. Við trúum því að vinátta og virðing fyrir skoðunum annarra þroski einstaklinginn sem félagsverur. Með því að rækta virðingu, gleði, vináttu, heilbrigði og ábyrgð í skólastarfi leggjum við grunn að því að nemendur öðlist sjálfstraust til að takast á við nám sitt af metnaði og alúð og séu vel undir framtíðina búnir. Við leggjum ríka áherslu á velferð allra nemenda í leik og starfi.

Þau sameiginlegu gildi sem liggja til grundvallar skólastarfi í Varmahlíðarskóla eru:

Virðing

- Við viljum að allt starf skólans byggi á gagnkvæmri virðingu og velliðan allra.
- Við bregðumst við og látum okkur varða velferð og öryggi nemenda.
- Við viljum að nemendur þroski með sér virðingu fyrir umhverfi sínu.

Metnaður

- Námsumhverfi- Við bjóðum upp á hvetjandi námsumhverfi sem ýtir undir metnað og ábyrgð nemenda.
- Kennsluhættir – Við notum fjölbreytta kennsluhætti sem þjálfa fólk í upplýsingaleit, sköpun, sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu.
- Samstarf – Við viljum hafa gott samstarf innan sem utan skólans sem og við grenndarsamfélagið.

Vellíðan

- Við viljum að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum, því vellíðan er undirstaða góðs árangurs í námi og starfi.
- Við trúum því að vinátta auki þroska okkar sem félagsverur.
- Við viljum efla samkennd nemenda.

Starfsemi skólans og þróun

Varmahlíðarskóli er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Í Varmahlíð hefur verið skóli allt frá árinu 1944, en næstu tvo veturna var unglingaskóli í Varmahlíð. Skólahald lagðist niður eftir þetta en hófst að nýju árið 1966 í leiguhúsnæði í Miðgarði ófullgerðum. Næstu ár var rekinn héraðsskóli í Miðgarði og kennt var í tveimur bekkjum. Núverandi skólahús var byggt á árunum 1973 - 1976 þegar tíu sveitarfélög í héraðinu, ásamt Menntamálaráðuneytinu, sameinuðust um rekstur heimavistarskóla.

Árið 1974 tók skólinn til starfa í samræmi við grunnskólalögin sem þá voru í gildi. Flestir urðu nemendur 167 og voru þá um 60 - 70 þeirra í heimavist. Heimavistin við skólann var lögð niður árið 1998. Uppþökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði en auk þess koma nemendur skólans frá öðrum svæðum. Frá haustinu 2006 hafa allir grunnskóla-nemendur úr Akrahreppi sótt skóla í Varmahlíð. Meginþorri nemenda kemur með skólabílum.

Markmið Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli leggur áherslu á faglegt, fjölbreytt og sveigjanlegt starf með nemendum, foreldrum, starfsmönnum og grenndarsamfélaginu. Nám er kjarni skólastarfsins og efling náms í Varmahlíðarskóla er meginviðfangsefni starfsmanna hans. Þróun starfshátta er órjúfanlegur hluti af starfi skólans. Vinnulag er sífellt til ígrundunar, fagleg forysta kennara er í lykilhlutverki. Samráð og samstarf eru lykilþættir í starfinu.

Varmahlíðarskóli er sveitaskóli og lögð áhersla á grenndarfræðslu. Skólasamfélagið er sterkur bakhjarl sem stendur vörð um skólann sinn. Leitað er allra leiða til að aðlaga skólahald að samfélaginu í heimabyggð. Sem dæmi um vinnu tengda heimabyggð eru sveitadagar að vori þegar nemendur vinna verkefni á sveitabæjum í nokkra daga. Þetta verkefni er í góðri samvinnu við heimilin og mikil ánægja hefur verið um það síðustu ár.

Til sérstöðu skólans mætti líka telja árshátíðir nemenda. Þar er unnið lotubundið að uppfærslu á einhverju leikverki. Oft söngleiki. Mikil vinna er lögð í uppsetningar og námið sem fram fer óhefðbundið.

Daglegt starf

Skólastarf hefst kl. 8:20 á morgnana. Nokkuð er breytilegt milli vikudaga hve lengi er kennt. Fimmtudagar hafa verið nýttir til félagsstarfa fyrir eldri nemendur eftir skólatíma og er nemendum ekið heim að þeim loknum. Einnig gefst eldri nemendum kostur á fjölbreyttu félagsstarfi á vegum Félagsmiðstöðvarinnar Friðar, utan Varmahlíðar. Diskótek eru haldin á fjögurra til sex vikna fresti fyrir eldri nemendur á vegum skólans. Haldnar eru tvær bekkjarskemmtanir fyrir hvern bekk á hverju skólaári í umsjón umsjónarkennara. Félagsstörf yngri nemenda hafa einnig verið í höndum umsjónarkennara. Foreldrafélag starfar við skólann og hefur það komið að starfi skólans með ýmsum hætti. Bekkjarfulltrúar foreldra eru kosnir á aðalfundi að hausti og standa þeir að aðventugleði í lok nóvember ásamt skemmtilegri vorhátíð síðasta skóladaginn á vorin.

Í mötuneyti skólans fá nemendur og þeir starfsmenn sem þess óska, morgun- og hádegisverð daglega og miðdegisdrykk á fimmtudögum. Kvöldmatur er einnig framreiddur þegar þörf er á í tengslum við félagsmál.

Tónlistarskóli Skagafjarðar hefur um árabíl haft aðsetur í Varmahlíðarskóla. Eiga nemendur skólans kost á að sækja tónlistarkennslu á skólatíma. Góð samvinna er á milli Varmahlíðarskóla og Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Hefðir og helstu dagsetningar í Varmahlíðarskóla

Nemendur mæta fyrsta skóladag sinn á **Skólasetninu** ásamt aðstandendum. Skólastjóri talar til nemenda og allir syngja saman. Að athöfn lokinni er boðið upp á hressingu.

16. nóvember Dagur íslenskrar tungu. Samkoma í setustofu, 2. 4. 6. 8. og 10. bekkur sjá um að flytja stutt atriði og sungin eru ættjarðarlög.

Stóra upplestrarkeppni 7. bekkjar hefst formlega á degi íslenskrar tungu. 7. bekkur hefur undirbúning fyrir upplestrarkeppnina með því að fara á leikskólann Birkilund og lesa fyrir börnin þar. 7. bekkingar flytja dagskrá á Löngumýri í samvinnu við Skagfirska kammerkórinn.

Nemendur 7. bekkjar fara og hitta eldri borgara á Löngumýri eftir áramót.

Nemendur 10. bekkjar fara og hitta eldri borgara á Löngumýri fyrir áramót.

Árshátíð yngri nemenda er haldin á haustönn. 6. bekkingar leika aðalhlutverk og yngri nemendur eru með í dans- og söngatriðum. Boðið er upp á kaffihlaðborð í skólanum á eftir. Diskó er fyrir nemendur á meðan kaffið er drukkið.

1. desember, fullveldisdagurinn Dagur íslenskrar tónlistar. Nemendur koma saman á sal og syngja lög sem flutt eru í útvarpi allra landsmanna, RÚV.

Litlu jólin – síðasti kennsludagur fyrir jólafrí. Nemendur mæta seinna en venjulega, um kl. 10. Fyrst eru stofujól, þar sem skipst er á pökkum, jólakortum útbýtt o.þ.h. Því næst koma allir saman í setustofu, 4. bekkur flytur helgileik og allir syngja saman jólalög. Síðan er gengið í kringum jólatré og eftir það borða allir saman hangikjöt, laufabrauð og tilheyrandi meðlæti. Að því loknu hefst langþráð jólafrí.

Árshátíð eldri nemenda er haldin um miðjan janúar í Miðgarði. Þar setja nemendur 7. – 10. bekkjar á svið leikrit, gjarnan söngleik. Á eftir er boðið upp á kaffihlaðborð í skólanum og síðan er stiginn dans í Miðgarði við undirleik hljómsveitar.

Porrablót er haldið í hádeginu einhvern góðan veðurdag á þorra. Þá er boðið upp á þjóðlegar kræsingar af öllu mögulegu tagi og lagið tekið. Setið er lengi til borðs og kræsinganna notið.

Vinna með geðorðin 10 er orðin hefð í tengslum við Heilsueflandi skóla. Þar vinnur hver árgangur verkefni um eitt geðorð. Afrakstur er sýndur í samverustund í einni kennslustund.

Íþróttamaráðun 10. bekkjar er yfirleitt haldið á fimmtudeginum fyrir páskafrí. Nemendur safna áheitum með það að markmiði að stunda íþróttir í heilan sólarhring. Eftir hádegi tekur allur skólinn þátt í að hefja maraþonið - með nokkurskonar íþróttadegi. Bekkjum er att saman í hinum ýmsu kappleikjum.

Sveitadagar eru vinnudagar nemenda á bæjum í sveitinni. 4 - 5 dagar í maí. Verkefnið er unnið í samstarfi við bændur og hefur fengið viðurkenningu Heimils og skóla. Hver árgangur vinnur ákveðið verkefni í tengslum við dvöl sína á sveitabæ.

Danmerkurferð 10. bekkjar. Um langt árabil hefur verið hefð fyrir útskriftarferð 10. bekkjar til Kaupmannahafnar. Nemendur safna fyrir ferðinni sjálfir, með hinum ýmsu uppákomum. Dvalið er í Kaupmannahöfn í þrjá sólarhringa og menning Dana tekin út á ýmsum sviðum. Markverðir staðir heimsóttir, búðargötur þræddar og skemmtigarðar skoðaðir.

Skólaslit er hátíðleg stund þar sem áherslan er á 10. bekkina, þar sem þeir eru að kveðja skólann. Allir nemendur fá afhent vitnisburðarblöð; viðurkenningar eru veittar fyrir góðan árangur í ýmsum greinum og erindi flutt. Hefð er fyrir því að 5. bekkingar sýni afrakstur verkefnisins „Skín við sólu Skagafjörður“ sem árlega er flutt við þessa athöfn. Fulltrúar Kaupfélags Skagfirðinga eru gjarnan viðstaddir og færa nemendum bekkjarins kvæði Matthíasar, í sérprentaðri útgáfu, að gjöf.